

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 2. júní 1989

um skipulag tímabundinna tilrauna, samkvæmt tilskipun ráðsins 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns, til að ákvarða hvaða skilyrði þurfi að uppfylla um ræktun og sáðkorn rúgblendinga

(89/374/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/2/EBE ⁽²⁾, einkum 13. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með tilskipun 89/2/EBE voru rúgblendingar felldir undir gildissvið tilskipunar 66/402/EBE en ekki var ákveðið hvaða skilyrði ræktun og sáðkorn rúgblendinga þyrftu að uppfylla þar eð þau skulu ákveðin í samræmi við niðurstöður tímabundinnar tilraunar sem skal gerð samkvæmt ákvæðum 13. gr. a tilskipunar 66/402/EBE. Því ber að gera tímabundna tilraun.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við ákvörðun fastanefndar um fræ og fjölgunar-efni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Gera skal tímabundna tilraun í bandalaginu, samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 2. gr., til að ákvarða hvaða skilyrði ræktun og sáðkorn rúgblendinga þurfi að uppfylla.

2. Öllum aðildarríkjum er heimilt að taka þátt í tilrauninni.

2. gr.

1. Heimilt er að markaðssetja sáðkorn rúgblendinga í bandalaginu, með merkimiða eins og mælt er fyrir um í 3. mgr., að því tilskildu að skilyrði 2. mgr. séu uppfyllt.

2. Skilyrðin sem um getur í 1. mgr. eru þessi:

a) Skilyrðin sem frækurinn þarf að uppfylla:

i) Staðlarnir eða önnur skilyrði, sem mælt er fyrir um í 1., 4., og 5. lið I. viðauka við tilskipun 66/402/EBE fyrir rúgjurtir, skulu gilda.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 5, 7. 1. 1989, bls. 31.

ii) Frækrar til framleiðslu vottaðs sáðkorns skulu ræktaðir af stofnsáðkornum sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

iii) Frækrar skulu uppfylla eftirfarandi staðla um fjarlægð frá nálægum frjógjöfum sem gætu orsakað óæskilega utanaðkomandi frævun

— fyrir ræktun stofnsáðkorns:

— þar sem karl-ófrjósemi er beitt (lágmarksfjarlægð): 1 000 m

— þar sem karl-ófrjósemi er ekki beitt (lágmarksfjarlægð): 600 m

— fyrir ræktun vottaðs sáðkorns (lágmarksfjarlægð): 500 m.

iv) Ræktunin skal vera ósvikin og hrein miðað við afbrigðið, að því er varðar hin mismunandi þátta-einkenni, þar með talið karl-ófrjósemi. Einkum skal frækurinn uppfylla eftirtalda staðla eða önnur skilyrði:

— fjöldi plantna af tegundinni sem eru greinilega ekki í samræmi við einkennisþáttinn má ekki vera meiri en

— ein á 30 m² fyrir ræktun stofnsáðkorns

— ein á 10 m² fyrir ræktun vottaðs sáðkorns, en í opinberum akurskoðunum gildir þessi staðall aðeins um kvenþáttinn,

— þegar um stofnsáðkorn er að ræða þar sem karl-ófrjósemi er beitt skal ófrjósemin vera 98% hið minnsta.

v) Vottað sáðkorn skal rækta með blandaðri ræktun, annars vegar með kvenþætti og karl-ófrjósemisþætti og hins vegar karlþætti, en það endurvekur karl-frjósemi.

b) Skilyrði sem sáðkornin þurfa að uppfylla:

i) Staðlarnir eða önnur skilyrði, sem mælt er fyrir um í 2. lið II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE fyrir sáðkorn rúgs, skulu gilda.

ii) Sáðkornin skulu vera ósvikin og hrein miðað við afbrigðið eða, þegar um ákveðinn einkennisþátt

sáðkorns er að ræða, ósvikin og hrein að því er einkennin varðar, þar með talið karl-ófrjósemi.

- iii) Skaðlegum lífverum sem draga úr notagildi sáðkornsins skal haldið í lágmarki.

Sáðkornið skal einkum uppfylla eftirtalda staðla:

| Flokkur | <i>Claviceps purpurea</i> (mesti fjöldi með hnúðum eða vott um hnúða í sýni af þeirri þyngd sem tiltekin er í 4. dálki III. viðauka við tilskipun 66/402/EBE) |
|---|---|
| Stofnsáðkorn: | |
| — þegar karl-ófrjósemi er beitt | 6 |
| — þegar karl-ófrjósemi er ekki beitt | 3 |
| Vottað sáðkorn | 6 |

- c) Eftirkönnunarpróf á stofnsáðkorni:

Ekki skal vottfesta sáðkorn sem vottað sáðkorn nema gert hafi verið opinbert eftirkönnunarpróf á opinberum sýnum af stofnsáðkorni, teknum á vaxtarskeiði sáðkornsins sem afhent er til vottfestingar sem vottað sáðkorn, og prófið sýni að stofnsáðkornið uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun um að stofnsáðkorn sé ósvikið og hreint að því er varðar þáttaeinkenni, þar með talið karl-ófrjósemi.

- d) Þyngd vörueiningar og sýnis:

Skilyrðin, sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 66/402/EBE fyrir sáðkorn rúgs, skulu gilda.

3. Merkimiðinn sem um getur í 1. mgr. skal vera opinberi merkimiðinn sem nefndur er í 10. gr. tilskipunar

66/402/EBE, með tilvísun í númer þessarar ákvörðunar eftir orðunum „reglur og staðlar EBE.“

3. gr.

Tilrauninni skal ljúka 30. júní 1992. Aðildarríkin geta ákveðið að hætta þátttöku í tilrauninni fyrir þann tíma.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni ef þau ákveða að taka þátt í tilrauninni.

2. Fyrir lok hvers árs skulu aðildarríkin skýra framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum frá:

— hvaða svæði, þar sem rækta á fræ í hverjum flokki, hafa fengið akurskoðun og vottfestingu í samræmi við tilraunina,

— magni sáðkorns sem ræktað er í hverjum flokki,

— um hvaða stofna er að ræða, og

— niðurstöðum úr prófum vegna *Claviceps purpurea*,

— niðurstöðum úr eftirkönnuninni sem um getur í c-lið 2. mgr. 2. gr.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. júní 1989.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.